

13. júní 2018

RÉTTI TÍMINN FYRIR FJÁRFESTINGAR

BYGGINGARIÐNAÐUR OG MANNVIRKJAGERÐ BERA UPPI FJÖLGUN STARFA Í HAGKERFINU

- Byggingariðnaður og mannvirkjagerð bera uppi fjölgun starfa í hagkerfinu að stórum hluta um þessar mundir.
- Að meðaltali voru í hagkerfinu öllu 7.200 fleiri nýir launþegar á vinnumarkaði á fyrsta ársþriðjungi en á sama ársfjórðungi í fyrra. Tæplega 1.600 þessara nýju starfa voru í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Merkir þetta að um **22% allra nýrra starfa** sem sköpuðust í hagkerfinu á tímabilinu eru í þessari einu grein. Kemur þetta fram í tölum sem Hagstofa Íslands birti 12. júní sl.
- Í heild fjölgaði launþegum í hagkerfinu um 4% á fyrsta ársþriðjungi. Á sama tíma fjölgaði launþegum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð um tæplega 14%. Er **byggingariðnaður og mannvirkjagerð sú grein hagkerfisins sem er að vaxa hraðast** um þessar mundir.
- Fjárfesting í hagkerfinu jókst um 11,6% á fyrsta fjórðungi þessa árs frá sama ársfjórðungi í fyrra skv. tölum sem Hagstofa Íslands birti fyrr í þessari viku. Vöxtinn má að mestu rekja til **íbúðafjárfestinga sem jókst um 38%** sem er mikill vöxtur. Á sama tíma jókst fjárfesting atvinnuvega um 7,1% og fjárfesting hins opinbera um einungis 2,2%.
- Ljóst er að íbúðafjárfesting er loks að taka kröftuglega við sér eftir mikla ládeyðu. Er það afar jákvætt að mati Samtaka iðnaðarins. Umtalsverður skortur á íbúðum hefur verið mikið vandamál undanfarin ár sem meðal annars hefur komið fram í því að íbúðaverð hefur hækkað langt umfram laun á síðustu árum og þannig hefur það orðið erfiðara fyrir fólk að eignast sína fyrstu íbúð. Aukið framboð nýrra íbúða skapar betra jafnvægi á þessum markaði sem um þessar mundir er sýnilegt m.a. í verðþróun íbúða undanfarið.
- Væntingar stjórnenda til aðstæðna í atvinnulífinu eftir sex mánuði, sem birtar voru í vikunni, eru þannig að 40% stjórnenda telja að aðstæður versni á næstu sex mánuðum. Aðeins 7% telja að þær batni. Stjórnendur áætla að starfsmönnum fjölgi mun hægar á næstunni en undanfarin ár. Endurspeglar þetta viðhorf stjórnendanna í þeim hagspám sem birtar hafa verið undanfarið þ.e. að á næstunni muni hægja á hjólum efnahagslífsins.
- Ofangreindar væntingar, spár og hagtölur undirstrika það sem Samtök iðnaðarins hafa haldið fram undanfarið að nú sé rétti tíminn til að fara í fjárfestingar í innviðum og ekki síst í íbúðum og vegasamgöngum. Með því er bæði dregið úr þeirri niðursveiflu sem ellegar væri að skapast í hagkerfinu og byggt undir hagvöxt komandi ára.
- Samtökin hafa sagt að nú sé rétti tíminn til að fara í innviðafjárfestingar að hálfu hins opinbera og einnig að niðursveifluna eigi að nýta til að vinna upp þá miklu uppsöfnuðu þörf sem myndast hefur á íbúðamarkaði undanfarin ár. Mikil þörf er t.d. á fjárfestingum á sviði vegamála um þessar mundir eftir mikið fjársvelt í þeim málaflokki síðustu ár. Í því efni þarf að gera mun betur en nú er ráðgert bæði í fjárlögum og fjárhagsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Vöxtur það sem af er ári 2018

